

Fjallableikja ehf.
Hallkelshólar
Grímsness og grafningshreppur

Reykjavík 17. apríl 2019
UST201901-405/F.T.
08.12.02

Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 15. mars sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna Fjallableikju vegna frávika er skráð voru í eftirliti þann 3. desember 2018. Frestur var veittur til 29. mars til að skila inn staðfestingu á úrbótum eða tímasettri úrbótaáætlun.

Frávakin eru eftirfarandi:

1. **Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.** Skráningum er ábótavant. Skrá þarf vatnsnotkun og notkun spilliefna, hreinsiefna og lyfja. Afstöðumynd af stöð vanrar.
2. **Gr. 41 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.** Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur neyslugeyma. Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörum eða yfirfyllingarvörn. Neyslugeymir skal útbúinn með afgreiðslubýssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Eldri geymir er hvorki með yfirfyllingarvörn né útsláttarbúnaði.

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávika til 29. mars 2019. Stofnuninni hefur ekki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 8. maí nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.


Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 52.800 kr.**

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Frigg Thorlacius í síma 591-2000 eða með tölvupósti á friggt@ust.is. Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Suðurlands